

Ed.

175. Frumvarp til laga

[108. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: Engin lánveiting má nema yfir 300 000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um fiskimálasjóð voru sett árið 1947 og hafa staðið óbreytt síðan að öllu nema því, er tekur til tekna sjóðsins. Frá upphafi hefur hámark lána úr sjóðnum verið bundið við 150000 kr. á hverja einstaka framkvæmd og þó ekki yfir 25% af stofnkostnaði hennar þrátt fyrir þær gífurlegu verðbreytingar, sem síðan hafa orðið. Er því auðsætt, að raunverulegt hámark lánanna hefur stöðugt farið lækkandi ár frá ári, og er nú svo komið, að ekki er lengur við unandi, ef vænta á líkrar gagnsemi af þeim þætti í starfsemi sjóðsins, sem lánveitingarnar eru, og til var ætlað, er lögín voru sett fyrir 14 árum.

Mestur hluti lánveitinga fiskimálasjóðs hefur verið til bygginga og vélakaupa fiskverkunar- og fiskiðnaðarfyrirtækja, og þótt hér hafi verið um að ræða lág viðbótarlán, er ekki vafamál, að þau hafa orðið að miklu liði á þessu sviði, einkum fyrir hin smærri fyrirtæki í þessum greinum útvegsins. En þegar þess er gætt, að byggingarkostnaður hefur á umræddu tímabili, frá stofnun sjóðsins og þar til nú, margfaldast og verðlag véla og tækja vafalaust hækkað enn meira, en hámark lána hins vegar staðið í stað, þá er ekki vandséð, að þau koma að æ minna liði og að gagnsemi þeirra hefur rýrnað stórkostlega. Er nú svo komið, að aðeins allra smæstu framkvæmdir geta náð því hámarki, 25% af stofnkostnaði, sem lögín heimila.

Með þessu frv. er lagt til, að hámark lána hækki úr 150000 kr. í 300000 kr. Þar sem heildarlánveitingar sjóðsins mundu að sjálfsögðu ekki aukast við slíka breytingu, kæmi til mat stjórnar sjóðsins á því, að hve miklu leyti bæri að nota þá heimild. Er það skoðun flm., að þótt notkun slíkrar heimildar kæmi til í verulegum mæli og lánnum mundi af þeim sökum ef til vill fara fækkandi, yrðu lánveitingarnar í heild að meira liði til uppbyggingar fyrirtækja, er grundvallast á hagnýtingu sjávarafurða, en nú er með þeim ströngu hömlum, sem eru á hámarki lánanna.